

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 2018 í máli nr. E-904/2018:

Magnús Bragi Magnússon

(Þormóður Skorri Steingrímsson lögmaður)

gegn

Verði tryggingum hf. og

Ósk Óskarsdóttur

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 14. nóvember 2018, var höfðað 13. mars 2018 af Magnúsi Braga Magnússyni, Íbishóli í Skagafirði á hendur Verði tryggingum hf., Borgartúni 25 í Reykjavík og Ósk Óskarsdóttur, Krummahólum 3 í Reykjavík til viðurkenningar á skaðabótaskyldu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur endanlega að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu Varðar hf. og Óskar Óskarsdóttur óskipt (in solidum) vegna ákeyrslu bifreiðarinnar MJ-350 á hrossin Hyllingu frá Íbishóli (208224000267872), Gnótt frá Bjarnastaðahlíð (352097800000957) og Frama frá Íbishóli (örmerktur 0001F6644E) þann 26. ágúst 2017 við Íbishól í Skagafirði. Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefndu að skaðlausu, auk virðisaukaskatts.

Aðalkrafa stefndu er um sýknu af kröfum stefnanda og málskostnað úr hendi hans að mati dómsins. Endanleg varakrafa stefndu er að bótaskylda verði aðeins viðurkennd að hluta og málskostnaður felldur niður.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Laugardagskvöldið 26. ágúst 2017 var bifreiðinni MJ-350 ekið á hrossahóp á Þjóðvegi nr. 1 í Skagafirði. Í lögregluskýrslu kemur fram að svartamyrkur var og vegur blautur þegar óhappið varð. Bifreiðin var óökufær þegar að var komið, hún hafði snúist á veginum og var mikið skemmd að framan og vélarhlífir hafði lagst yfir framrúðuna. Á veginum lá eitt dautt hross og annað skammt frá með áverka. Ökumaður og stefnda Ósk, sem var farþegi í bifreiðinni, hafi þá sagst vera óslösuð. Ökumaðurinn kvaðst hafa ekið á um 90 km hraða á klukkustund þegar hann hafi skyndilega séð hross á veginum og hafi ekki náð að hemla í tæka tíð, en náð að hægja eitthvað á ferðinni áður en hann ók á þau.

Hópur hrossa hafði verið í beitarhólfi úr jörðinni Íbishóli sunnan við Þjóðveginn. Í lögregluskýrslu kemur fram að hliðið að skikanum hafi verið gjörónýtt eftir

hrossastóðið og haft er eftir vinnumanni á vettvangi að líklegast væri að hrossin hefðu stýggst við eitthvað, brotið upp hliðið og hlaupið upp á veginn. Þar segir að vinnumaðurinn hafi lýst því hvernig hliðið hefði verið bundið fast við girðingarstaur með sterku bláu reipi og með skýrslunni fylgdu myndir sem teknar höfðu verið af beitarhólfinu og brotnu hliðinu. Meðal hrossa í hópnum voru þau þrjú hross í eigu stefnanda sem kröfur málsins lúta að, Hylling frá Íbishóli, sem þurfti að aflífa á vettvangi, og þau Frami frá Íbishóli og Gnótt frá Bjarnastaðahlíð, sem hlutu áverka sem gera þurfti að í kjölfar slyssins.

Málið höfðar stefnandi á hendur stefndu Verði tryggingum hf., ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar MJ-350, og Ósk Óskarsdóttur, eiganda bifreiðarinnar, til viðurkenningar á óskiptri skaðabótaábyrgð þeirra á tjóni hans vegna skaða á hrossunum þremur. Stefndu hafna bótaskyldu, en til vara að hluta, og snýst ágreiningur málsins um bótaskylduna. Stefnandi kveður girðinguna um beitarhólfið og hliðið hafa verið í mjög góðu ásigkomulagi og hafa staðist allar reglur um gerð girðinga til að halda hrossum, auk þess sem lausaganga búfjár sé ekki bönnuð þar sem slysið varð. Stefndu andmæla því og kveða lausagöngu búfjár við þjóðveg bannaða. Telja stefndu ljóst, í ljósi atvika málsins, að beitarhólfið hafi ekki uppfyllt þann áskilnað að vera griphelt og hafi varsla stóðsins því verið ófullnægjandi.

Við aðalmeðferð málsins komu stefnandi og stefnda Ósk Óskarsdóttir fyrir dóm og gáfu skýrslur. Þá komu fyrir dóminn vitnin Númi Björnsson, eiginmaður stefndu Óskar og ökumaður bifreiðarinnar, Jón Ragnar Gíslason vinnumaður á Íbishóli, Bjarni Maronsson héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins og lögreglumaður nr. 1105, sem fór með rannsókn málsins. Þá gaf Birgir Hauksson, bóndi í Valagerði, vitnaskýrslu um síma.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir bótakröfu sína á hendur stefndu á XIII. kafla (bótakafla) umferðarlaga 50/1987, einkum á skýru lagaákvæði 1 mgr. 88. gr. laganna. Þar segi : „Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskyld vélknúð ökutæki dregur annað ökutæki.“

Stefndu, Ósk Óskarsdóttir, eigandi bifreiðarinnar MJ-350, og Vörður hf., váttryggjandi hennar, beri óskipta ábyrgð á þeim skaða sem ökutækið hafi valdið í samræmi við 88. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 90. gr. sömu laga.

Girðingar um hólfi og hlið inn í hólfi hafi verið í stakasta lagi og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um girðingar og búfjárhald. Stefnandi hafi sannað nægilega að eðlilega og fullnægjandi hafi verið staðið að vörslum hrossa þeirra sem sluppu að kvöldi 26. ágúst 2017. Hinu stefnda félagi beri að sýna fram á að varsla hrossanna hafi verið ófullnægjandi til að geta hafnað bótaskyldu af þeim sökum. Varsla hrossanna hafi verið í samræmi við lög um búfjárhald, nr. 38/2013, og girðingar og hlið í samræmi við girðingarlög, reglugerð um girðingar og X. kafla vegalaga, nr. 8/2007.

Stefnandi hafi verið eigandi og vörslumaður þeirra hrossa sem málið snúist um og byggi aðild sína á því. Hann hafi orðið fyrir tjóni og vísi til vottorðs Ingunnar Reynisdóttur dýralæknis þar sem fram komi hvaða hestar hafi hlotið aðhlyningu í kjölfar ákeyrslunnar. Í lögregluskýrslu komi fram hvaða hross drápu eða þurfti að fella í kjölfar atburðarins. Stefnandi telji sig hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dæmda viðurkenningarkröfu sína á hendur stefndu og vísi þar til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Stefnandi styðji dómkröfur sínar við bótakafla umferðlaga nr. 50/1987, meginreglur váttryggingaréttar, lög um váttryggingasamninga og sönnunarreglur skaðabótaréttarins og einkamálaréttarfars og lög nr. 50/1993, eftir því sem við eigi, lög nr. 135/2001, um girðingar, og reglugerð nr. 748/2002, um girðingar, einkum 2. gr. og 9. gr. Kröfu um málskostnað styðji stefnandi við 1. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu

Stefnandi beri sjálfur ábyrgð á vörslum hrossa í sinni eigu og annarra hrossa sem hann hafi til vörslu. Leiði það af almennum meginreglum skaðabótaréttar. Það að hrossin hafi sloppið úr beitarhólfi stefnanda bendi eitt og sér til þess að beitarhólfið hafi ekki verið útbúið með fullnægjandi hætti. Ekkert liggja fyrir um það að beitarhólfið og girðingar þess hafi verið í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu, enda liggja ekkert fyrir í gögnum málsins sem staðfesti slíkt. Ábyrgð stefnanda sé sérstaklega rík í ljósi staðsetningar hólfsins, skammt frá bæjarmörkum þéttbýlis þar sem lausaganga búfjár sé bönnuð samkvæmt Samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Skagafirði, nr. 1264/2015. Komist búfé inn á friðuð svæði þrátt fyrir viðurkennda griphelda vörslu ábyrgist vörsluaðilar handsömun og beri bótaábyrgð á öllu tjóni sem búfé kann að valda, sbr. 8. gr. samþykktanna. Eigendur og vörslumenn beri ábyrgð á tjóni sem verði á fé þeirra eða tjóni sem búfé valdi komist það á svæði þar sem lausaganga þess sé bönnuð.

Vísað sé til 50. gr. vegalaga, nr. 80/2007, um að lausaganga búfjár sé bönnuð á stofnvegum og tengivegum þar sem girt sé báðum megin vegar og lokað sé fyrir ágangi búfjár. Slysið hafi orðið á þjóðvegi númer eitt sem óumdeilt sé að sé girtur á þessum stað beggja vegna. Ökumenn á leið um veginn hafi mátt treysta því að vörslumenn og eigendur búfjár gættu þess að ekkert búfé væri á veginum og allra síst í þeim aðstæðum sem verið hafi þegar slysið hafi orðið, í myrkri og bleytu. Ekki hafi verið um tilfallandi flutning á búfénaði að ræða heldur laus hross án vörslumanna og eftirlits. Það sé sérstakt gáleysi af hálfu stefnanda. Ákvæði 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga kveði á um það að bætur megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Ákvæðið geri þannig eingöngu ráð fyrir einföldu gáleysi til þess að meðvaldur að tjóni missi bótarétt samkvæmt ákvæðinu. Stefnandi hafi með vísan til ofangreinds sjálfur valdið tjóninu sem hann hafi orðið fyrir og beri því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Jafnvel þó að lausaganga búfjár teldist heimil á staðnum þá sé beitarhólfíð örstutt frá hringveginum þar sem umferðarhraði sé mikill. Rík skylda hafi hvílt á stefnanda í ljósi staðsetningar beitingarhólfsins, til að gæta þess að umbúnaður þess væri sérstaklega góður og myndi að minnsta kosti uppfylla þær lágmarkskröfur sem fram komi í lögum og reglugerðum. Vísist sérstaklega til laga nr. 135/2001, um girðingar, og reglugerðar 748/2002, um girðingar, um lágmarkskröfur til girðinga vegna vörslu búfjár.

Nægi ekki sú staðreynd að hrossin sluppu úr beitarhólfi stefnanda, sem sönnun þess að umbúnaður þess hafi verið ófullnægjandi, sýni framlögð gögn fram á það. Fram komi í lögregluskýrslu að umrætt beitarhólf hafi verið skoðað. Úr því mun hafa legið vegslóði í átt að hringveginum. Yfir vegslóðann hafi legið hlið, gert úr netgirðingu með stökum gaddavírsstreng, strengt á járnstaur öðrum megin og tréspýtu hinum megin. Af myndum að dæma virðist járnstaurinn festur við girðingastaur með vírlykkjum. Tréspýtan hafi verið bundin við girðingarstaur hinum megin slóðans með grönnum kaðli. Þegar að hólfinu hafi verið komið eftir slysið hafi hliðið verið gerónýtt, tréspýtan brotin og kaðallinn mjög trosnaður eða slitinn, vírnetið illa farið og legið niðri. Mótmælt sé sem ósannaðri fullyrðingu stefnanda um að girðingin hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir áður en hrossin tróðu niður hliðið og girðinguna. Ekkert liggi fyrir um það hvernig girðingin eða beitarhólfíð hafi verið útbúið með nægilega tryggum hætti og þannig að það héldi búfénaði. Fyrir liggi hins vegar að beitarhólfíð og girðingin hafi ekki haldið hrossunum. Óþaft sé að elta ólar við ástæðu þess að hrossin hafi styggst og komist út úr hólfinu. Góðar og gegnar girðingar haldi bæði styggum dýrum og

óstyggjum. Vörslumanni búfjár beri að vita það og sé það ástæða þess að ákvæði laga og reglugerða um girðingar innihaldi lágmarkskröfur.

Í B-lið 13. gr. reglugerðar um girðingar, nr. 748/2002, sé kveðið á um lágmarkskröfur fyrir hrossheldar girðingar. Samkvæmt ákvæðinu geti hrossheld girðing verið netgirðing, gaddavírsgirðing eða rafmagnsgirðing. Beitarhólfíð virðist hafa verið tvískipt með lélegri timburgirðingu. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar séu tegundir girðinga skilgreindar ítarlega og fram komi í 4. tl. 2. gr. að aðrar girðingar en netgirðingar, gaddavírsgirðingar og rafgirðingar séu háðar mati búnaðarsambands um gripaheldni. Engin úttekt liggi fyrir um hvort umrædd girðing hafi uppfyllt áskilnað stjórnvaldsfyrirmæla og laga. Fyrir liggi hins vegar að girðingin hélt hrossunum ekki. Skylda til að halda þessu í lögmæltu horfi og tryggja með því vörslur hrossanna hvíli eingöngu á stefnanda sjálfum og vanræksla hans varði bótaskyldu ef hljótist tjón af, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2013. Stefnandi geti því ekki átt bótarétt með vísan til lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækis.

Jafnvel þótt ofangreind lausaganga búfjár teldist ekki bönnuð á þeim stað sem slysið varð hafi sérstök skylda hvílt á stefnanda til að tryggja það að dýrin slyppu ekki úr vörslum hans í ljósi hættu sem skapast af lausagöngu hrossa á þessum stað, bæði fyrir dýr og menn. Þrátt fyrir þá hættu sem fylgi nálægð við hringveginn hafi stefnandi látið undir höfuð leggjast að tryggja öruggar vörslur hrossanna. Um sé að ræða saknæmt gáleysi sem valdið hafi slysinu og því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu og dæma stefndu málskostnað úr hendi stefnanda samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafist sé álags á málskostnað er nemi virðisaukaskatti, stefndu reki ekki virðisaukaskattskylda starfsemi og beri því nauðsyn til að fá dæmt álag er þeim skatti nemur úr hendi stefnanda.

Verði fallist á kröfur stefnanda sé þess krafist að stefnandi verði látinn bera hluta af tjóni sínu vegna eigin sakar. Um málsástæður þessarar kröfu sé að öðru leyti vísað til málsástæðna sýknukröfu að breyttu breytanda, um gáleysi stefnanda. Verði fallist á varakröfu stefndu sé þess krafist að málskostnaður verði felldur niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Vísað sé til umferðarlaga, nr. 50/1987, vegalaga nr. 80/2007, girðingarlaga, nr. 135/2001 auk reglugerðar um girðingar, nr. 748/2002.

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um það hvort stefndu beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem stefnandi varð fyrir þegar bifreið stefndu Óskar var ekið á nokkur hross á þjóðvegi númer eitt

laugardagskvöldið 26. ágúst 2017. Sum hrossanna voru í eigu og öll í umsjá stefnanda.

Krafa stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu stefndu styðst við heimild í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og er óumdeilt að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dæmt um kröfu sína. Um bótaábyrgð stefndu vísar stefnandi til hlutlægrar ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, um að sá sem ábyrgð beri á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skuli bæta það tjón sem hljótist af notkun þess, enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar í tækinu eða ógætni ökumanns. Stefndi styður kröfur sínar við 3. mgr. sömu lagagreinar þar sem segir að bætur fyrir tjón á munum megi lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Ágreiningur aðila snýst um það hvort bótaábyrgð stefndu á tjóninu sem hlaust af notkun ökutækisins skuli takmarka eða fella niður vegna þess að stefnandi, tjónþoli, teljist meðábyrgur vegna eigin sakar. Stefndu telja sig hafa sýnt fram á eigin sök stefnanda með því að fyrir liggir að hrossin hafi sloppið úr vörslum hans. Telja stefndu að sönnunarbyrði um annað hvíli á stefnanda.

Leggja verður til grundvallar um atvik og aðstæður það sem fram kemur í greinargóðri lögregluskýrslu og á ljósmyndum sem henni fylgdu. Framburður aðila og vitna fyrir dóminum um atvik og aðstæður var efnislega á sama veg og í samræmi við það sem fram kemur í lögregluskýrslunni í öllum meginatriðum.

Ekki urðu önnur vitni að slysinu en stefnda Ósk Óskarsdóttir, eigandi bifreiðarinnar sem var farþegi í henni þegar slysið varð, og eiginmaður hennar sem ók bifreiðinni. Í framburði þeirra beggja fyrir dóminum kom fram að myrkur hefði verið umrætt kvöld. Þau hefðu ekki orðið vör við hrossin á veginum fyrr en of seint og töldu það geta verið vegna þess að hrossin hefðu komið upp aflíðandi brekku eða verið í hvarfi við mishæð á veginum þar til þau birtust allt í einu. Lýstu hjónin því svo að hrædd hestaaugu hefðu komið æðandi á móti þeim. Ökumaður bifreiðarinnar kvaðst hafa ekið á 80-90 kílómetra hraða á klukkustund með háan ljósgeisla og aðeins um þrjár sekúndur hefðu liðið frá því að augun birtust, fyrir framan hann og til hliðar, þar til hross skall á bílnum, fletti upp vélarhlífinni og braut framrúðuna. Það hefði verið eins og hrossin hefðu fælst og hefðu þau komið æst og ákveðin á móti bifreiðinni. Í áliti sem fyrir liggur í máli vegna tjóns hjónanna taldi úrskurðarnefnd í váttryggingamáli að ökumaður bifreiðarinnar hefði ekki hagað akstri sínum nægilega gætilega miðað við aðstæður. Ógætni ökumannsins hefur ekki þýðingu í þessu máli, sem snýst um meðábyrgð stefnanda á því tjóni á hrossum hans sem hlaust af notkun bifreiðarinnar, sbr. 88. gr. umferðarlaga.

Stefndu vísa til þess að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að girðing beitarhólfsins hafi fullnægt skilyrðum laga um girðingar, nr. 135/2001 og reglugerðar nr. 748/2002, um girðingar. Samkvæmt því sem upplýst er um aðkomu að beitarhólfinu bendir ekkert til þess að hrossin hafi sloppið út um eða yfir girðingu beitarhólfsins. Öll ummerki benda til þess að stóðið hafi allt farið úr hólfinu um og yfir hliðið. Sönnun um ástand girðingarinnar hefur því takmarkað gildi í málinu en öðru gegnir um hliðið sjálft.

Vitnið Bjarni Maronsson, héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins og höfundur skýrslu um hagagæði frá 2017, sem stefndu hafa lagt fram í málinu, hafði haft eftirlit með hrossum í hólfulum á jörð stefnanda 11.–14. ágúst 2017, eða 12 dögum áður en slysið varð, m.a. í umræddu beitarhólfi. Kvað vitnið þar tryggilega hafa verið frá öllu gengið og ekkert komið uppá þessa daga. Vitnið Birgir Hauksson, bóndi í Valagerði, var fenginn til að aflífa hross á vettvangi í kjölfar slyssins. Þá greindi hann lögreglu frá því að hann hefði átt leið til Varmahlíðar fyrir um kvöldið fyrir myrkur og hafi hann þá séð hrossin í hólfinu er hann ók fram hjá. Í framburði hans fyrir dómi kom fram að þau hafi þá verið í mestu í makindum og virst hafa nóg að bíta í beitarhólfinu, sem verið hafi nálægt veginum og um það bil einum kílómetra frá staðnum þar sem slysið varð. Vitnið Jón Ragnar Gíslason, vinnumaður hjá stefnanda, kvaðst sjálfur hafa gengið frá hliðinu um klukkan fjögur á föstudag, daginn áður en slysið varð. Hliðið hafi verið með fimm strengja möskvaneti og hafi verið vel frágengið með aukaspotta. Passað hafi verið vel upp á frágang þess vegna nálægðar við þjóðveginn.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 748/2002, um girðingar, er því lýst hvernig hlið fyrir umferð gripa skuli vera. Þar segir m.a. að aðalhliðstólpar skuli vera sömu gerðar og aflstólpar sem lýst er í 5. gr. reglugerðarinnar. Nota megi skástífur út frá hliðinu sem fá spyrnu á aflstólpum í eins til tveggja metra fjarlægð, sem skulu hafa tilsvarendi styrkleika og stögin. Milli hliðstólpanna megi eftir atvikum vera með laust net með renslum sem strengt sé á milli stólpanna eða nota hliðgrind. Ekki verður annað ráðið, af þeim myndum sem fylgdu lögregluskýrslunni og af myndum sem stefndu hafa lagt fram í málinu, en að hliðstólparnir séu aflstólpar sem uppfylli framangreind skilyrði. Í hliðinu hafi verið fimm strengja girðingarnet, auk gaddavírs að ofanverðu, og á mynd má sjá þverbrotna renslu í vírnetinu. Girðingarnetið sem myndar hliðið mun hafa verið fest með málmstaur við hliðstólpa með vírlykkjum og lokað með kaðli, sem vinnumaðurinn sýndi lögreglu á vettvangi. Þá kom fram í framburði lögreglumannsins að ekki hafi við skoðun á ummerkjum vaknað grunur um að lög eða reglugerð um girðingar hafi verið brotin, sem ástæða væri til að hefja lögreglurannsókn á. Hliðið hefði verið stórskemmt og ummerki bent til þess að hross hefðu hlaupið það niður. Ekkert bendir samkvæmt þessu til þess að hlið beitarhólfsins sem hrossin voru í hafi

ekki uppfyllt tilskildar reglur.

Samkvæmt 50. gr. vegalaga nr. 80/2007 er lausaganga búfjár bönnuð á stofnvegum og tengivegum þar sem girt er báðum megin vegar. Þannig voru aðstæður þar sem ekið var á hrossin og var svokölluð lausaganga búfjár því bönnuð á veginum og við hann, enda þótt lausaganga búfjár sé ekki bönnuð í dreifbýli í Skagafirði, svo sem í landi Íbishóls og Brekku sem þjóðvegurinn liggur um á þeim slóðum sem slysið varð. Upplýst þykir að hrossin voru ekki á veginum með vitund og vilja stefnanda. Þeim atvikum að fælt hrossastóð ryður niður lokuðu hliði að beitarhólfi og æðir upp á þjóðveginn verður ekki jafnað til þess að hross hafi þar verið í lausagöngu í skilningi ákvæðisins, eins og væri ef stefnandi léti viðgangast að þau hefðust þar við eða beitti hrossunum í vegkantinn. Reglur 2. mgr. 78. gr. umferðarlaga um rekstur búfjár á vegi utan þéttbýlis eiga ekki heldur við eins og hér stóð á.

Ekkert er upplýst um það hvers vegna hrossin æddu skyndilega af stað eða við hvað þau fældust. Þar kann ýmislegt að hafa komið til, stór spennistöð er í næsta nágrenni og gæsaveiðitímabil nýhafið með tilheyrandi skothvillum, sem eru aðeins ágiskanir. Ekkert bendir til þess að stefnandi beri ábyrgð á framkvæmdum sem gætu hafa fælt hrossin, en fyrir liggur að hann var að heiman þegar þessi atvik urðu. Stefnandi kvaðst í framburði sínum fyrir dóminum ekki áður hafa misst hross upp á veg í þau þrjátíu ár sem hann hefði haldið hross þarna. Vitni höfðu ekki heldur heyrt af slíkum tilvikum.

Ekki er annað komið fram í málinu en að varsla hrossanna hafi verið í samræmi við lög um búfjárhald, nr. 38/2013, og hliðgirðing í samræmi við girðingarlög og reglugerð um girðingar. Ekki er sýnt fram á eða gert sennilegt að umbúnaði á beitarhólfinu hafi verið ábótavant eða að hrossin hafi sloppið úr því vegna slælegs umbúnaðar eða frágangs á hliðinu. Verður stefnanda ekki gert að færa frekari sönnur á þann umbúnað en fyrir liggja í málinu og raktar hafa verið. Að öllu framangreindu virtu verður því, eins og atvikum er háttað, að telja nægilega sýnt fram á að stefnandi hafi ekki sýnt af sér gáleysi eða ásetning sem leiði til þess að fella beri niður eða takmarka bótaskyldu stefndu samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga á tjóninu á hrossunum vegna eigin sakar stefnanda. Verður því fallist á viðurkenningarkröfu hans í málinu.

Samkvæmt þessum málsúrslitum og með vísun til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðinn er 800.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóminn kveður upp Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Viðurkennd er óskipt skaðabótaskylda stefndu, Varðar hf. og Óskar Óskarsdóttur, vegna tjóns á hrossunum Hyllingu frá Íbishóli (208224000267872), Gnótt frá Bjarnastaðahlíð (352097800000957) og Frama frá Íbishóli (örmerktur 0001F6644E) í eigu stefnanda, Magnúsar Braga Magnússonar, sem bifreiðinni MJ-350 var ekið á við Íbishól í Skagafirði 26. ágúst 2017. Stefndu greiði stefnanda óskipt 800.000 krónur í málskostnað.

Kristrún Kristinsdóttir